

Ein athugasemd barst frá Vegagerðinni og var skipulaginu breytt lítillega til samræmis við hana. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Endurskoðað deiliskipulag vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 24. ágúst 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Helstu breytingar felast í:

1. Breyttri legu Ægisgötu vestan Leiruvoga.
2. Nýrri tengingu svæðisins til vesturs um Ægisgötu.
3. Breyttri stærð lóða, mænisstefna og nýtingarhlutfall innfært.
4. Fjölgun um eina lóð við Leiruvog.
5. Áætlaður ekjukantur og staði vegna hans falla út.
6. Nýr kafli um kvaðir bætist í skilmála og merkt lóð nr. 7 við Nesbraut bætist inn á uppdrátt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 7. október 2003.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð við Skorradalsvatn stækkar um 18,5 ha og austan við það er gert ráð fyrir 2 ha íbúðarsvæði og 0,3 ha athafnasvæði. Svæði skilgreint fyrir skógrækt minnkar sem nemur framangreindri landnotkun. Einnig er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota (fyrir siglingaaðstöðu) á tæplega 3,5 ha landi sem í gildandi svæðisskipulagi er skilgreint sem útivistarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.